

## VIÐAUKI VIÐ SAMKOMULAG UM SAMSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐA 2010

### 1. Stubbaflutningar

- 1.1. Stubbaflutningar geta farið fram milli lífeyrissjóða óháð því hvort um framreikning sé að ræða eða ekki. Stubbar flytjast ýmist án eða með framreikningi eftir því hvort sjóðurinn sem er með stubbinn sé hluti af framreikningssjóðum eða ekki.
- 1.2. Nemi fjárhæð mánaðarlegs örorkulífeyris miðað við 100% orkutap innan við 2500 kr. miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar 475,2 mv. maí 2020 skal flytja réttindi frá viðkomandi sjóði til úrskurðarsjóðs örorkulífeyris. Skal viðmiðunarfjárhæð mánaðarlegs örorkulífeyris í grein þessari breytast mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.
- 1.3. Hjá samþættingarsjóði (þ.e. lífeyrissjóði þar sem lögbundin lágmarkstryggingarvernd er samþætt milli séreignar og sameignar) miðast fjárhæðin við greiðslu úr sameign ásamt greiðslu úr þeim hluta séreignar, sem fellur undir lágmarkstryggingarvernd lögum samkvæmt.
- 1.4. Það er skilyrði fyrir flutningi að dagsetning orkutaps sé ekki seinna en í þeim mánuði sem sjóðfélagi náði 62 ára aldri. Sé dagsetning orkutaps síðar skal viðkomandi sjóður greiða mánaðarlegan örorkulífeyri.
- 1.5. Við flutning stubba veita hin fluttu réttindi lífeyrisrétt í þeim sjóði sem á móti tekur, eins og um væri að ræða réttindabreytingu til aukningar áunnum réttindum hjá þeim sjóði sem móttækur réttindin. Réttindi falla jafnframt niður hjá þeim sjóði sem flutt er frá. Við flutning skal miðað við réttindi eins og þau eru hjá þeim sjóði sem flutt er frá, fyrsta dag mánaðar eftir orkutap. Sá hluti flutningsupphæðar sem er framreikningur, reiknast samkvæmt framreikningsútreikningi móttökusjóðs.
- 1.6. Fyrir flutning stubba skal sá sjóður sem flutt er frá greiða þeim sjóði sem flutt er til fjórtánfalda ársfjárhæð hins flutta lífeyris miðað við fjárhæð örorkulífeyris réttindamánaðar og 100% orkutap, þ.e. fjárhæð örorkulífeyris réttindamánaðar x 12 x 14.
- 1.7. Sé dagsetning orkutaps fyrir 31. janúar 2008 og réttindi minni en 2 SAL stig, skal sá sjóður sem flutt er frá greiða þeim sjóði sem flutt er til samkvæmt SAL reikniðferð. SAL stig hvers iðgjaldaárs reiknast þannig að deilt er í tíföld (10) iðgjöld ársins (iðgjald sjóðfélaga + mótframlag) með samanlagðri grundvallarfjárhæð ársins skv. Grunnlaunatöflu SAL, sbr. Fylgiskjal 1 við viðauka þennan. Fyrir flutning stubba skv. SAL reikniðferð skal sá sjóður sem flutt er frá greiða þeim sjóði sem flutt er til grundvallarfjárhæð flutningsmánaðar skv. Grunnlaunatöflu SAL, sbr. Fylgiskjal 1 x samanlögð SAL stig x 1,2.
- 1.8. Viðauki þessi gildir fyrir þá lífeyrissjóði sem aðild eiga að Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða 2010 og hafa staðfest aðild sína við Landssamtök lífeyrissjóða að viðauka

Þessum eigi síðar en 15. desember 2020. Þeir lífeyrissjóðir sem staðfest hafa aðild sína að viðauka þessum skulu framkvæma stubbaflutninga skv. viðauka þessum frá og með 1. janúar 2021.

- 1.9. Viðauki þessi kemur í stað Viðauka við Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða 2008, sem unninn var að tillögu úrskurðar- og umsagnarnefndar í desember 2010.
- 1.10. Um uppsögn aðildar að viðauka þessum gilda ákvæði gr. 13.4. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða 2010.
- 1.11. Ákvæði Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða 2010 halda fullu gildi sínu.

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

Nafn lífeyrissjóðs \_\_\_\_\_

## Fylgiskjal 1

### Útreikningur SAL stiga:

Heildariðgjöld ársins \* 10 / grundvallarfjárhæð ársins

Dæmi:

Iðgjöld á árinu 1992 eru 250.000.

Iðgjald sjóðfélaga 100.000 (4%) og mótframlag 150.000 (6%)

Grundvallarfjárhæð ársins 1992 skv. Grunnlaunatöflu SAL 550.977 (sjá töflu)

$250.000 \times 10 / 550.977 = 4,537$  SAL stig

### Stubbaflutningur þegar orkutap er fyrir 31. janúar 2008:

SAL stig \* 1,2 \* grundvallarfjárhæð flutningsmánaðar.

Dæmi:

SAL stig ársins 1995 1.500

Flutningsmánuður er október 2020

Uppfæra grundvallarlaunin í janúar 2008 (vísitala 281,8) til verðlags í október 2020 (vísitala 485,1):

$79.402 * 485,1 / 281,8 = 136.686$  (grundvallarlaun SAL í október 2020)

Flutningur:

$1,500 * 1,2 * 136.686 = 246.035$  kr.

## Grunnlaunatafla SAL

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Samtals
2008	79.402	79.628	79.543	80.642	81.825	84.615	85.770	86.531	87.348	88.137	88.898	90.814	1.013.153
2007	75.007	75.204	75.514	75.260	75.711	76.359	76.754	76.923	76.951	77.965	78.360	78.867	918.875
2006	70.132	70.357	70.301	71.090	71.907	72.950	73.795	74.133	74.387	74.838	75.007	74.978	873.875
2005	67.343	67.399	67.540	68.047	68.188	67.822	68.301	68.385	68.526	69.569	69.991	69.878	820.989
2004	64.807	64.835	64.638	65.004	65.370	65.906	66.413	66.103	66.103	66.385	66.892	67.033	789.489
2003	63.088	63.313	63.201	63.877	63.961	63.849	63.905	63.820	63.764	64.215	64.525	64.609	766.127
2002	61.848	62.412	62.243	62.496	62.524	62.496	62.778	62.834	62.496	62.806	63.144	63.032	751.109
2001	56.945	57.030	57.143	57.481	58.185	59.002	59.904	60.355	60.552	60.946	61.341	61.566	710.450
2000	54.663	55.086	54.917	55.339	55.677	55.903	56.100	56.382	56.100	56.213	56.776	56.945	670.101
1999	51.761	52.071	51.986	52.240	52.522	52.775	53.198	53.395	53.592	54.043	54.466	54.466	636.515
1998	51.113	51.394	51.282	51.479	51.592	51.761	51.845	51.733	51.451	51.507	51.733	51.874	618.764
1997	50.098	50.267	50.296	50.267	50.634	50.549	50.662	50.746	50.887	51.085	51.254	51.197	607.942
1996	49.084	49.269	49.355	49.440	49.526	49.840	49.783	49.840	50.154	50.268	50.282	50.311	597.152
1995	48.299	48.456	48.541	48.456	48.399	48.484	48.541	48.684	48.884	49.055	49.269	49.112	584.180
1994	47.699	47.657	47.699	47.742	47.757	47.814	47.913	48.085	48.128	48.199	48.199	48.284	575.176
1993	46.315	46.558	46.701	46.772	46.772	46.801	46.829	47.186	47.514	47.642	47.757	47.757	564.604
1992	45.602	45.631	45.631	45.659	45.702	45.802	46.087	46.144	46.158	46.158	46.187	46.216	550.977
1991	42.654	42.654	43.848	43.848	43.848	45.602	45.602	45.602	45.602	45.602	45.602	45.602	536.066
1990	40.263	40.867	40.867	40.867	40.867	41.480	41.480	41.480	41.480	41.592	41.592	42.654	495.489
1989	34.045	34.258	34.471	34.471	36.471	37.763	37.763	37.763	39.263	39.263	40.263	40.263	446.057
1988	29.975	30.185	31.500	32.973	32.973	34.045	34.045	34.045	34.045	34.045	34.045	34.045	395.921
1987	26.557	26.557	27.000	27.000	27.000	27.866	27.866	27.866	27.866	29.975	29.975	29.975	335.503
1986	17.637	17.810	18.677	18.677	18.677	19.249	19.249	19.249	21.054	21.054	21.054	22.021	234.408
1985	14.100	14.100	14.438	14.438	14.785	15.434	16.002	16.386	16.386	17.380	17.637	17.637	188.723
1984	10.835	11.016	11.377	11.377	11.377	11.605	11.605	11.605	11.605	11.605	12.852	13.102	139.961
1983	8.220	8.220	9.647	9.647	9.647	10.419	10.419	10.419	10.419	10.835	10.835	10.835	119.562
1982	5.387	5.387	5.791	5.791	5.791	6.389	6.961	6.961	7.483	7.483	7.483	8.061	78.968
1981	3.804	3.804	4.031	4.031	4.031	4.358	4.358	4.358	4.746	4.746	4.900	5.387	52.554
1980	2.434	2.434	2.596	2.596	2.596	2.900	2.900	2.900	3.148	3.201	3.474	3.804	34.980
1979	1.605	1.605	1.716	1.716	1.716	1.923	1.969	1.969	2.150	2.150	2.150	2.434	23.102
1978	1.121	1.121	1.215	1.215	1.215	1.463	1.463	1.463	1.513	1.513	1.513	1.605	16.423
1977	679	713	730	730	730	794	943	943	978	978	978	1.121	10.317
1976	523	523	570	570	570	570	621	621	621	658	679	679	7.206
1975	397	397	446	446	446	478	499	499	499	520	520	523	5.670
1974	280	286	351	351	351	351	351	351	351	386	386	397	4.196
1973	207	207	233	233	233	245	245	245	261	261	261	280	2.910
1972	183	183	185	186	187	207	207	207	207	207	207	207	2.377
1971	158	158	158	158	158	158	158	161	162	162	162	183	1.938
1970	125	125	127	127	127	136	152	152	158	158	158	158	1.704
1969	108	108	108	108	112	120	120	120	123	123	123	125	1.399
1968	97	97	98	100	100	101	101	101	102	102	102	102	1.203
1967	94	94	94	94	94	94	94	94	94	94	94	97	1.127
1966	84	84	86	86	86	89	92	92	94	94	94	94	1.074
1965	71	71	74	74	74	74	79	81	82	82	82	84	929
1964	68	68	68	68	68	68	71	71	71	71	71	71	837
1963	52	55	55	55	55	56	59	59	59	59	59	62	687
1962	48	48	48	48	48	52	52	52	52	52	52	52	608
1961	44	44	44	44	44	44	48	48	48	48	48	48	553
1960	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	527
1959	51	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	534
1958	40	40	40	40	40	40	40	42	43	46	46	51	508
1957	39	39	39	39	39	40	40	40	40	40	40	40	473
1956	37	37	38	38	38	39	39	39	39	39	39	39	460
1955	31	31	32	32	35	35	35	35	36	36	36	37	411
1954	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	375
1953	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	31	371
1952	28	28	29	29	29	29	29	29	29	29	29	30	349
1951	24	24	24	24	24	26	26	26	27	27	27	28	308
1950	20	20	20	20	21	21	22	23	23	23	23	23	256
1949	18	18	18	18	18	19	20	20	20	20	20	20	229
1948	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	221
1947	18	18	18	18	18	19	19	19	19	19	20	20	226
1946	16	16	17	17	17	17	17	17	17	17	18	18	203
1945	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16	190